

# Isavia ohf.

---

Samandreginn  
árshlutareikningur samstæðu

---

**1.1 - 30.06 2020**

Isavia ohf.  
Reykjavíkurlflugvelli  
102 Reykjavík  
kt. 550210-0370

---

# Isavia ohf.

---

Samandreginn  
árshlutareikningur samstæðu

---

**1.1 - 30.06 2020**

## **Efnisyfirlit**

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um eigið fé	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-13

---

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa í Isavia ohf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Isavia ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2020 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

## Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 11 með árshlutareikningnum þar sem fjallað er um óvissu um innheimtu kröfu á Ríkisskattstjóra vegna virðisaukaskatts og skýringu 15 þar sem fjallað er um neikvæð áhrif Covid-19 á afkomu samstæðu Isavia ohf. fyrir árið 2020.

Ríkisendurskoðun, 24. september 2020

Hinrik Þór Harðarson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Isavia er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Isavia ohf. á og rekur Keflavíkurflugvöll ásamt því annast rekstur innanlandsflugvalla á Íslandi samkvæmt þjónustusamningi við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Eignarhald og viðhald á innviðum innanlandsflugvallanna er á forræði ríkisins. Félagið stýrir jafnframt flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Isavia ohf. er þjónustufyrirtæki í flugvallastarfsemi og flugleiðsögu og leggur grunn að flugsamgöngum Íslands.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Isavia ohf. og dótturfélaga þess, Fríhafnarinnar ehf., Isavia ANS ehf., Isavia Innanlandsflugvellir ehf., Tern Systems ehf., Domavia ehf. og Suluk ApS fyrir tímabilið 1.1 - 30.06 2020. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, um árshlutareikninga.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 8.607 milljónum króna á tímabilinu. Tap af rekstrinum á sama tíma nam um 7.608 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir samstæðunnar um 86.223 milljónum króna í lok tímabilsins. Eigið fé í lok tímabilsins nam um 32.829 milljónum króna. Eiginfjárlutfall er 38,07%.

Í lok tímabilsins var einn hluthafi í félaginu sem er Ríkissjóður.

Að álit stjórnar og forstjóra Isavia ohf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 30.06 2020, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu 1.1 - 30.6 2020.

Það ber að benda sérstaklega á að til staðar er óvissa um meðferð innsendra virðisaukaskattskýrsla hjá Ríkisskattstjóra fyrir tímabilið september 2016 til desember 2018. Frá og með byrjun árs 2019 er óvissan ekki lengur til staðar eftir breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Nánari umfjöllun er að finna í skýringu 11. Þá er í sömu skýringu umfjöllun um kröfu félagsins sem snúa að ógreiddum flugtengdum gjöldum Wow air frá því fyrir gjaldþrot þess félags.

Áhrifa Covid-19 heimsfaraldursins fór að gæta á rekstur Isavia í lok fyrsta ársfjórðungs. Það er ljóst að áhrifin verða veruleg á afkomu félagsins. Öll áætlanagerð og spávinna byggja nú á mjög svo veikum forsendum enda breytist ytra rekstrarumhverfi félaga í samstæðu Isavia hratt og með ófyrirsjáanlegum hætti við þessar aðstæður. Gert er ráð fyrir því að neikvæð áhrif Covid-19 á afkomu samstæðu Isavia fyrir árið 2020 gæti orðið um 15 til 16 milljarðar króna.

Það er álit stjórnar og forstjóra Isavia ohf. að reikningsskilareglur félagsins séu viðeigandi og að í samstæðuárshlutareikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, áhættustýringu og helstu óvissuþætti í umhverfi félagsins.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. staðfesta hér með samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. september 2020

## Í stjórn

Orri Hauksson  
stjórnarformaður

Eva Pandora Baldursdóttir

Matthías Páll Imsland

Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir

Valdimar Halldórsson

## Forstjóri

Sveinbjörn Indriðason

## Yfirlit um heildarafkomu 1.1 - 30.06 2020

	Skýr.	Samstæða	
		1.1 - 30.06 2020	1.1 - 30.06 2019
Rekstrartekjur .....	4	8.607.375	18.161.710
Kostnaðarverð seldra vara .....		(1.171.171)	(2.985.230)
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	5	(8.210.227)	(9.479.644)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(200.026)	(287.531)
Annar rekstrarkostnaður .....		(2.214.339)	(2.359.869)
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....		(145.687)	(2.084.840)
<b>(Rekstrartap) hagnaður fyrir afskriftir</b>		<b>(3.334.075)</b>	<b>964.596</b>
Afskriftir .....	7,8,9	(1.944.015)	(1.907.001)
<b>Rekstrartap</b>		<b>(5.278.090)</b>	<b>(942.406)</b>
Fjármunatekjur .....	6	98.873	145.794
Fjármagnsgjöld .....	6	(598.245)	(580.945)
Gengismunur .....	6	(3.722.718)	(1.795.411)
<b>Tap fyrir skatta</b>		<b>(9.500.180)</b>	<b>(3.172.967)</b>
Tekjuskattur .....		1.891.975	648.681
<b>Heildarafkoma tímabilsins</b>		<b>(7.608.205)</b>	<b>(2.524.286)</b>

# Efnahagsreikningur 30. júní 2020

Eignir	Skýr.	Samstæða	
		30.06 2020	31.12 2019
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	57.245.833	57.549.596
Óefnislegar eignir .....	8	4.643.188	4.736.573
Nýtingarréttur .....	9	138.918	167.222
Skuldabréfaeign .....		93.906	116.587
		<u>62.121.845</u>	<u>62.569.978</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....		494.814	589.823
Viðskiptakröfur .....	11	1.448.597	2.309.563
Næsta árs hluti langtímakrafna .....		38.555	38.062
Aðrar skammtímakröfur .....	11	6.001.423	5.968.896
Handbært fé .....		16.117.526	9.166.641
		<u>24.100.913</u>	<u>18.072.985</u>
<b>Eignir</b>		<u>86.222.758</u>	<u>80.642.963</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	12	9.559.063	5.589.063
Lögbundinn varasjóður .....		2.483.798	2.483.798
Sérstakur endurmatsreikningur .....		41.698	42.360
Óráðstafað eigið fé .....		20.744.748	28.350.724
		<u>32.829.307</u>	<u>36.465.945</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	13	44.667.225	32.711.473
Leigusamningar .....	9	86.610	111.548
Tekjuskattsskuldbinding .....	14	159.705	2.054.905
		<u>44.913.540</u>	<u>34.877.925</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		1.159.393	2.336.079
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	13	2.869.678	3.339.425
Næsta árs afborganir leigusamninga .....	9	55.989	58.506
Ógreiddir reiknaðir skattar .....	7	3.225	380.618
Aðrar skammtímaskuldir .....		4.391.625	3.184.464
		<u>8.479.911</u>	<u>9.299.092</u>
Skuldir		<u>53.393.451</u>	<u>44.177.018</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>86.222.758</u>	<u>80.642.963</u>

## Yfirlit um eigið fé 1.1.-30.06.2020

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2019 .....	5.589.063	2.483.798	43.684	27.150.903	35.267.448
Endurmat afskrifað .....	0	0	(662)	662	0
Þýðingarmunur .....	0	0	0	379	379
Heildarafkoma tímabilsins .....	0	0	0	(2.524.286)	(2.524.286)
Eigið fé 30. júní 2019 .....	5.589.063	2.483.798	43.022	24.627.658	32.743.541
Eigið fé 1. janúar 2020 .....	5.589.063	2.483.798	42.360	28.350.724	36.465.945
Nýtt hlutfé .....	3.970.000	0	0	0	3.970.000
Endurmat afskrifað .....	0	0	(662)	662	0
Þýðingarmunur .....	0	0	0	1.567	1.567
Heildarafkoma tímabilsins .....	0	0	0	(7.608.205)	(7.608.205)
Eigið fé 30. júní 2020 .....	9.559.063	2.483.798	41.698	20.744.748	32.829.307

Engin arðgreiðsla var á tímabilinu til hluthafa. Allt hlutfé er innborgað.

# Yfirlit um sjóðstreymi 1.1 - 30.06 2020

	Skýr.	Samstæða	
		1.1 - 30.06 2020	1.1 - 30.06 2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
(Rekstrartap) .....		(5.278.090)	(942.406)
Afskriftir .....	7,8,9	1.944.015	1.907.001
Breyting varúðarniðurfærslu skammtímalíða .....		190.050	2.080.801
Söluhagnaður fastafjármuna .....		0	546
<b>Veltufé (til) frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>(3.144.025)</b>	<b>3.045.942</b>
Vörubirgðir (hækkun) lækkun .....		48.967	(73.211)
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun .....		715.966	(1.512.775)
Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun) .....		(377.629)	865.853
<b>Handbært fé (til) frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>(2.756.721)</b>	<b>2.325.808</b>
Innborgaðir vextir og arður .....		68.923	88.216
Greiddir vextir .....		(253.780)	(490.796)
Greiddir skattar .....		(198.772)	(381.718)
<b>Handbært fé (til) frá rekstri</b>		<b>(3.140.350)</b>	<b>1.541.511</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjárm. og óefnislegar eignir .....	7,8	(1.516.633)	(1.873.913)
Afborganir skuldabréfa .....		26.027	25.797
		<b>(1.490.606)</b>	<b>(1.848.116)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Nýjar langtímaskuldir .....		7.792.000	0
Afborganir langtímaskulda .....		(502.310)	(564.298)
Afborganir leigusamninga .....		(29.360)	(29.252)
Innborgað hlutafé .....		3.970.000	0
		<b>11.230.330</b>	<b>(593.550)</b>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		6.599.374	(900.155)
Handbært fé í upphafi tímabils .....		9.166.641	5.436.127
Gengismunur handbærs fjár .....		351.511	43.490
Handbært fé í lok tímabilsins .....		<b>16.117.526</b>	<b>4.579.462</b>



# Skýringar

## 1. Starfsemi

Isavia ohf. var stofnað í ársbyrjun 2010 með samruna Flugstoða ohf. og Keflavíkurlflugvallar ohf. Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins á Reykjavíkurlflugvelli.

Isavia ohf. annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýrir jafnframt flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Eitt af hlutverkum Isavia ohf. er að tryggja að flugöryggi sé í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar öryggiskröfur og aðferðir.

Samstæðuárshlutareikningurinn nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess. Félög innan samstæðunnar eru auk Isavia ohf., Isavia ANS ehf., Isavia Innanlandsflugvöllir ehf., Fríhöfnin ehf., Tern Systems ehf., Domavia ehf. og Suluk ApS.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Isavia ohf. fyrir tímabilið 1.1 - 30.06 2020 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur Isavia ohf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2019.

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2019. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá fyrirtækinu eða á vef þess; [www.isavia.is](http://www.isavia.is).

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að ein eign fastafármuna er endurmetin.

## 3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- varanlegir rekstrarfjármunir
- óefnislegar eignir
- vörubirgðir
- viðskiptakröfur
- tekjuskattskuldbinding

## 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	1.1 - 30.06 2020	1.1 - 30.06 2019
Tekjur Flugleiðsögu.....	3.179.073	3.503.604
Tekjur Innanlandskerfis.....	908.184	1.251.428
Tekjur Keflavíkurlflugvallar.....	2.055.959	7.173.822
Tekjur annarra starfsþátta.....	70.272	59.360
Tekjur af vörusölu.....	2.287.337	6.132.435
Tekjur aðrar.....	106.551	41.061
	<u>8.607.375</u>	<u>18.161.710</u>

# Skýringar

## 5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	1.1 - 30.06 2020	1.1 - 30.06 2019
Laun .....	6.418.485	7.198.651
Launategd gjöld .....	1.609.487	1.732.787
Annar launa- og starfsmannakostnaður .....	182.255	548.206
	<u>8.210.227</u>	<u>9.479.644</u>

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

### Fjármunatekjur:

	1.1 - 30.06 2020	1.1 - 30.06 2019
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	53.769	68.712
Vaxtatekjur af fjáreignum sem ætlað er að halda til gjalddaga .....	4.255	6.372
Aðrar vaxtatekjur .....	40.850	70.710
	<u>98.873</u>	<u>145.794</u>

### Fjármagnsgjöld:

	1.1 - 30.06 2020	1.1 - 30.06 2019
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(576.098)	(543.463)
Þóknanir innheimtufyrirtækja .....	(20.893)	(36.496)
Dráttarvaxtagjöld .....	(1.254)	(986)
	<u>(598.245)</u>	<u>(580.945)</u>

### Gengismunur:

	1.1 - 30.06 2020	1.1 - 30.06 2019
Gengismunur .....	<u>(3.722.718)</u>	<u>(1.795.411)</u>

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og listaverk	Flughlöð og bílastæði	Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður	Aðrar eignir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í upphafi tímabils .....	37.416.722	19.136.810	3.781.516	16.856.645	77.191.693
Eignfært á tímabilinu .....	644.067	367.645	2.900	421.007	1.435.619
Aflagt á tímabilinu .....	(19.719)	0	0	(151.841)	(171.560)
Staða í lok tímabils .....	<u>38.041.071</u>	<u>19.504.455</u>	<u>3.784.416</u>	<u>17.125.811</u>	<u>78.455.753</u>
<b>Afskriftir</b>					
Staða í upphafi tímabils .....	8.918.303	3.223.573	1.666.778	5.833.443	19.642.097
Afskrift tímabilsins .....	485.493	395.282	162.908	695.700	1.739.382
Aflagt á tímabilinu .....	(19.719)	0	0	(151.841)	(171.560)
Staða í lok tímabils .....	<u>9.384.077</u>	<u>3.618.855</u>	<u>1.829.686</u>	<u>6.377.301</u>	<u>21.209.920</u>
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð í upphafi tímabils .....	28.498.419	15.913.237	2.114.738	11.023.202	57.549.596
Bókfært verð í lok tímabilsins .....	<u>28.656.993</u>	<u>15.885.600</u>	<u>1.954.731</u>	<u>10.748.509</u>	<u>57.245.833</u>
Afskriftarhlutföll .....	1-14%	2-20%	5-35%	7-33%	

# Skýringar

## 8. Óefnislegar eignir

	Afnotasamn. um mannvirki	Afnotasamn. um flugbrautir	Hugbúnaður og þróunarkostnaður	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í upphafi tímabils .....	477.035	5.706.000	1.214.512	7.397.547
Eignfært á tímabilinu .....	0	0	81.038	81.038
Staða í lok tímabils .....	477.035	5.706.000	1.295.550	7.478.585
<b>Afskriftir</b>				
Staða í upphafi tímabils .....	174.954	2.092.688	393.333	2.660.974
Afskrift tímabilsins .....	7.950	95.087	71.386	174.423
Staða í lok tímabils .....	182.903	2.187.775	464.719	2.835.397
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í upphafi tímabils .....	302.081	3.613.312	821.180	4.736.573
Staða í lok tímabils .....	294.132	3.518.225	830.831	4.643.188
Afskriftarhlutföll .....	3,3%	3,3%	0-10%	

Þróunarkostnaður að fjárhæð um 62,5 milljónir króna vegna vinnu við þróun hugbúnaðar sem ætlaður er til sölu á heimsmarkaði á næstu árum var eignfærður á árunum 2012 til 2015. Um er að ræða eignfærslu á einni hugbúnaðarvöru félagsins sem nefnd er Tern ATC System eða TAS en þessi hugbúnaður skiptust í nokkra hluta. Þróun hugbúnaðarins lauk á seinni hluta árs 2015 og er hann tilbúinn til sölu og kominn í notkun hjá viðskiptavinum. Stjórnendur félagsins hafa metið að þessi eign hafi ekki orðið fyrir virðisryrnun. Annar hugbúnaður er aðkeyptur og er ætlaður líftími hans 3 - 20 ár.

Samkvæmt samningi milli Keflavíkurflugvallar ohf., nú Isavia ohf. og Varnarmálastofnunar, nú Landhelgisgæslu Íslands sem undirritaður var 22. apríl 2009 tók félagið yfir afnot til næstu 30 ára frá ársbyrjun 2009 að telja, á tilgreindum flugvallarmannvirkjum og búnaði á mannvirkjaskrá NATO á Keflavíkurflugvelli. Ekki er innheimt sérstakt endurgjald fyrir afnot mannvirkjanna en félagið skal standa strauum af öllum kostnaði við daglegan rekstur og viðhald þeirra, þannig að tryggt sé að ástand þeirra sé í samræmi við samþykkt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Landhelgisgæslan f.h. NATO hefur rétt til afnota á mannvirkjunum. Afnotarétturinn er gjaldfærður hlutfallslega yfir leigutímann.

## 9. Leigusamningar

Nýtingarréttur	Fasteignir	Annað	Samtals
Skráð við innleiðingu 1. janúar 2020 .....	151.293	15.929	167.222
Verðbætur af leiguskuldbindingu .....	1.906	0	1.906
Afskriftir .....	(28.407)	(1.803)	(30.210)
Staða 30. júní 2020 .....	124.792	14.126	138.918
<b>Upphæðir færðar í rekstrarreikning</b>		1.1-30.6 2020	1.1-30.6 2019
Afskriftir af nýtingarrétti .....		30.210	30.929
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu .....		3.476	3.600
Samtals gjaldfært á árinu .....		33.686	34.529
<b>Leiguskuldbinding</b>		30.6 2020	31.12 2019
Gjalddaggreining, ónúvirtar leigugreiðslur			
Innan árs .....		61.417	65.156
Eftir ár en innan 5 ára .....		61.848	88.398
5 ár og síðar .....		75.732	75.644
		198.996	229.199

# Skýringar

## 10. Samstæða

Samstæða Isavia ohf. samanstendur af eftirfarandi dótturfélögum:

	Hlutdeild	Nafnverð	Meginstarfsemi
<b>Eignarhlutar í dótturfélögum:</b>			
Domavia ehf., Reykjavík .....	100,00%	500	Fasteignarekstur
Frihöfnin ehf., Keflavíkflugvelli .....	100,00%	50.000	Verslunarstarfssemi
Isavia ANS ehf., Reykjavíkflugvelli .....	100,00%	500	Flugleiðsöguþjónusta
Isavia Innanlandsflugvelli ehf., Reykjavíkflugvelli .....	100,00%	500	Rekstur innanlandsflugvalla
Suluk ApS - Grænland .....	100,00%	1.999	Þjónusta flugumferðarstjóra
Tern Systems ehf., Kópavogi .....	100,00%	80.000	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf

## 11. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	30.06 2020	31.12 2019
Innlendar viðskiptakröfur .....	3.515.448	4.054.592
Erlendar viðskiptakröfur .....	161.447	406.050
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	(2.296.766)	(2.151.079)
Viðskiptakrafa vegna Joint Finance samningsins .....	68.469	0
	<u>1.448.597</u>	<u>2.309.563</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda, reynslu fyrri ára og efnahagshorfum á reikningskiladegi. Niðurfærsla er metin samkvæmt kröfum IFRS 9 og var eftirfarandi:

Samstæðan metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tímann á líftíma viðskiptakrafna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldursflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspeglir gangvirði þeirra.

Samstæðan álitur að hlutlagar vísbendingar um virðisyrnun krafna séu til staðar ef upplýsingar samstæðunnar sér eða frá utanaðkomandi aðilum benda til þess að skuldari sé í greiðsluferðleikum eða ef krafa er komin meira en 90 daga fram yfir gjaldlega.

Þann 28. mars 2019 beitti Isavia stöðvunarheimild á loftfar sem hafði verið í rekstri Wow air á grundvelli ógreiddra notendagjalda vegna starfsemi flugfélagsins á Keflavíkflugvelli. Stöðvuninni var beitt samkvæmt heimild í 1. mgr. 136. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir. Samkvæmt orðanna hljóðan í fyrrnefndri heimild, fyrri dómafordæmum og beitingu ákvæðisins á fyrri árum var stöðvunarheimildinni beitt fyrir öllum ógreiddum notendagjöldum flugfélagsins. Eigandi flugvélarinnar höfðaði innsetningamál fyrir héraðsdómi Reykjaness í þeirri viðleitni að fá stöðvun flugvélarinnar hnekt sem á endanum skilaði sér í þeim úrskurði héraðsdómsins að stöðvunarheimild yrði aflétt eftir að eigandi flugvélarinnar myndi greiða ógreidd notendagjöld sem einungis tilheyrðu viðkomandi flugvél. Isavia fékk ekki tækifæri til að skjóta þeim úrskurði til æðra dómstígs sem er að mati félagsins verulega ámalisvert í ljósi þeirra hagsmuna sem til staðar eru og þá hafði æðra dómssvald áður úrskurðað félaginu í vil. Þó svo að sá úrskurður hafi verið ómerktur af lagatæknilegum ástæðum þá stendur eftir skoðun æðra dómssvalds. Í ljósi þess að ígildi veðs fyrir greiðslu ógreiddra notendagjalda hafi horfið vegna úrskurðar héraðsdóms Reykjaness þótti rétt að færa kröfuna að fjárhæð 2.047,7 milljónir króna niður í bókum félagsins á síðasta ári. Sú niðurfærsla breytir þó engu um þá skoðun félagsins að um rangan úrskurð hafi verið að ræða og ákvörðun héraðsdómara um synjun á frestun réttaráhrifa í þeim úrskurði sé verulega ámalisverð. Isavia hefur stefnt eiganda flugvélarinnar og Ríkissjóði vegna skaðabóta við framkvæmd innsetningargerðar í loftfarið og er gert ráð fyrir að aðalmeðferð fari fram fyrir lok árs 2020.

### Aðrar skammtímakröfur

	30.06 2020	31.12 2019
Virðisaukaskattur fyrri ára .....	5.196.837	5.198.379
Virðisaukaskattur .....	158.785	203.237
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	183.671	197.911
Aðrar kröfur .....	462.130	369.368
	<u>6.001.423</u>	<u>5.968.896</u>

# Skýringar

## 11. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Krafa félagsins vegna virðisaukaskatts fyrri ára samanstendur af óafgreiddum innsendum virðisaukaskattskýrslum hjá ríkisskattstjóra fyrir tímabilin frá september 2016 til desember 2018. Ríkisskattstjóri hefur dregið í efa réttmæti þeirrar forsendu virðisaukaskráningar félagsins að samstæðan þjónusti millilandaför á Keflavíkurflugvelli sbr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt og samstæðan njóti því ekki svokallaðs núllskatts, þ.e. fái endurgreiddan virðisaukaskatt af keyptum aðföngum og þjónustu en skili ekki útskatti. Félagið aftur á móti telur að þessi mikilvæga forsenda hafi legið skýrt fyrir við upphaf skráningar þess á virðisaukaskrá við stofnun þess. Félagið hefur haldið sínum sjónarmiðum á lofti með rökstuddum hætti og er málið enn í stjórnarsýslumeðferð.

Ef niðurstaða málsins verður félaginu í óhag þá eru áhrifin veruleg fyrir samstæðuna. Áhrifin á rekstur og efnahag í útgefnum árs hlutareikningi 30. júní 2020 væru um 4.623 milljónir króna til hækkunar á varanlegum rekstrarfjármunum en samsvarandi lækkun á öðrum skammtímakröfum. Þá kæmi fram um 690 milljóna króna lækkun á stöðu eigin fjár að teknu tilliti til skattaáhrifa.

Breytingar hafa nú verið gerðar á lögum um virðisaukaskatt sem tekur af öll tvímæli um heimild félagsins til að beita þeirri aðferðafræði sem beitt hefur verið frá stofnun félagsins. Þær breytingar urðu að lögum þann 1. janúar 2019. Mismunandi túlkun félagsins og ríkisskattstjóra á ákvæðum laga um virðisaukaskatt snýr því einungis að innsendum virðisaukaskattskýrslum fyrir tímabilin frá september 2016 til desember 2018 eða fram að þeim tíma sem breytingin á lögnum tók gildi.

## 12. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutafé í lok tímabilsins .....	9.559.063	100,0%	9.559.063

Innborgað hlutafé á tímabilinu nam 3.970 milljónum króna. Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins. Fjármálaráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu. Allt hlutafé er að fullu greitt.

## 13. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.06 2020	31.12 2019
Skuldir í EUR .....	40.501.114	30.399.800
Skuldir í ISK .....	7.035.789	5.651.098
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	47.536.903	36.050.897
Langtímaskuldir í lok tímabilsins .....	(2.869.678)	(3.339.425)
Langtímaskuldir í lok tímabilsins .....	44.667.225	32.711.473

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.06 2020	31.12 2019
Afborganir 1.7.2020 - 30.6.2021 / 1.1.2020 - 31.12.2020 .....	2.869.678	3.339.425
Afborganir 1.7.2021 - 30.6.2022 / 1.1.2021 - 31.12.2021 .....	5.800.457	5.171.750
Afborganir 1.7.2022 - 30.6.2023 / 1.1.2022 - 31.12.2022 .....	3.673.456	1.432.636
Afborganir 1.7.2023 - 30.6.2024 / 1.1.2023 - 31.12.2023 .....	2.194.834	1.698.372
Afborganir 1.7.2024 - 30.6.2025 / 1.1.2024 - 31.12.2024 .....	9.095.897	7.868.610
Afborganir síðar .....	23.902.581	16.540.105
	47.536.903	36.050.897

# Skýringar

## 14. Reiknuð tekjuskattsskuldbinding

	Tekjuskatts- skuldbinding
Staða í upphafi tímabilsins .....	2.054.905
Tekjuskattur til greiðslu á tímabilinu .....	(3.225)
Reiknaður tekjuskattur á tímabilinu .....	(1.891.975)
Staða í lok tímabilsins .....	159.705
<b>Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:</b>	<b>Tekjuskatts- skuldbinding</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	2.644.962
Veltufjáreignir .....	(420.364)
Frestaður gengismunur .....	(532.469)
Aðrir liðir .....	(12.675)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi .....	(1.519.749)
	159.705

## 15. Önnur mál

Áhrifa Covid-19 heimsfaraldursins fór að gæta á rekstur Isavia í lok fyrsta ársfjórðungs. Það er ljóst að áhrifin verða veruleg á afkomu félagsins. Öll áætlanagerð og spávinna byggja nú á mjög svo veikum forsendum enda breytist ytra rekstrarumhverfi félaga í samstæðu Isavia hratt og með ófyrirsjáanlegum hætti við þessar aðstæður. Gert er ráð fyrir því að neikvæð áhrif Covid-19 á afkomu samstæðu Isavia fyrir árið 2020 gæti orðið um 15 til 16 milljarðar króna.

Tekin var ákvörðun um uppskiptingu móðurfélags Isavia fyrir lok síðasta árs. Rekstur flugleiðsöguþjónustu annars vegar og rekstur innanlandsflugvallakerfis hins vegar hefur nú verið settur í sitthvort dótturfélagið. Gert er ráð fyrir að formlegum frágangi vegna uppskiptingarinnar verði lokið fyrir lok september 2020 en uppskiptingin tekur gildi frá og með 1. janúar 2020.

## 16. Samþykki árshlutareiknings

Samandregni árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 24. september 2020.